

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/974
komudagur 11.2.2004

Akranesi 10. febrúar 2004


L04020002/022.1/RLB/--

Efni: Umsögn um þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál.

Landmælingar Íslands þakka fyrir að fá að gera umsögn um þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008. Stofnunin styður það sem fram kemur í þingsályktuninni í flestum atriðum en vill þó koma eftirfarandi á framfæri:

1. Mikilvægt er að mörk friðlýstra svæða séu afmörkuð nákvæmlega með hnitum og mörkin færð á sem nákvæmastan uppdrátt.
2. Landmælingar Íslands telja mikilvægt að hin friðlýstu svæði verði kortlögð til dæmis í mælikvarða 1:25 000 fyrir stærri svæðin og í mælikvarða 1:5000 fyrir minni svæðin. Við kortagerðina verði notuð sem nýjust gögn og færð inn eignamörk lands auk annarrar staðfræði og mannvistar.

Bestu kveðjur,


Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands